

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa orkumála
urn@urn.is

Reykjavík, 26. mars 2026

Efni: Umsögn Samorku um áform um lagasetningu, flýting uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks S-56/2026

1. Inngangur

Samorka þakkar tækifærið til að veita umsögn um áform stjórnvalda um lagasetningu sem miðar að því að flýta uppbyggingu raforkuinnviða og einfalda regluverk. Áform stjórnvalda eru í samræmi við sjónarmið sem Samorka hefur lengi lagt áherslu á. Í ljósi vaxandi áherslu á uppbyggingu ómissandi innviða, áfallapol og viðnámsþrótt telur Samorka sérstaklega brýnt að tryggja að lagaleg staða uppbyggingar raforkuinnviða verði tryggð sem fyrst. Þá telur Samorka mikilvægt að horft verði til sams konar einföldunar varðandi aðra innviði eins og vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu.

Ljóst er og óumdeilt að núverandi lagaumgjörð og leyfisveitingarferli fyrir uppbyggingu raforkuinnviða hafa valdið óþarfa töfum á mikilvægum verkefnum. Þessar tafir hafa haft neikvæð áhrif á afhendingaröryggi raforku, orkuskipti og nýtingu auðlinda, sem eru grundvallarþættir í hagkerfi landsins og uppbyggingu atvinnulífs um land allt. Samorka telur að áformin séu afar tímabær og nauðsynleg til að mæta áskorunum framtíðarinnar og styðja við þjóðhagslega og samfélagslega hagsmuni Íslands.

Í áformunum er gert ráð fyrir því að draga úr lagalegum hindrunum sem tefja framgang mikilvægra innviðaframkvæmda. Markmiðið er að tryggja að ágreiningur um bótafjárhæð eða lögmæti eignarnáms verði ekki sjálfkrafa til þess að fresta nauðsynlegum framkvæmdum, að því gefnu að réttindi landeigenda séu tryggð með fullnægjandi hætti. Þetta er grundvallaratriði til að auka fyrirsjáanleika og skilvirkni í uppbyggingu raforkukerfisins.

Samorka fagnar sérstaklega þeirri leið sem áformuð er, þ.e. að breyta raforkulögum á þann veg að heimildir sérleyfisfyrirtækja (Landsnets og dreifiveitna) verði samræmdar heimildum fjarskiptafyrirtækja samkvæmt lögum um fjarskipti.

2. Fjarskiptalög og raforkulög

Áform stjórnvalda gera ráð fyrir að breyta raforkulögum og samræma heimildir raforkufyrirtækja heimildum fjarskiptafyrirtækja samkvæmt lögum um fjarskipti. Þetta felur í sér að afnema bannið í 21. gr. raforkulaga nr. 65/2003 við því að hefja framkvæmdir áður en samkomulag hefur náðst eða

eignarnám farið fram að fullu. Jafnframt verði lögfest ákvæði sem mælir fyrir um þolskyldu landeiganda vegna lagningar raforkumannvirkja, með vísan til sambærilegra reglna í fjarskiptalögum.

2.1 Núverandi staða

Núgildandi 21. gr. raforkulaga nr. 65/2003 kveður skýrt á um að ekki megi hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögnum fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því. Þetta ákvæði hefur ítrekað leitt til mikilla tafa á framkvæmdum, jafnvel eftir að lögmæt eignarnámsheimild hefur verið veitt og almannahagsmunir staðfestir.

Í samanburði við raforkulög, hafa fjarskiptalög nr. 70/2022 mun skýrari og afgerandi heimildir varðandi aðgang að landi. Í 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga segir: „Eigendum fasteigna er skylt að heimila fjarskiptafyrirtækjum að leggja fjarskiptavirki um land þeirra, yfir eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki, gegnum þau eða undir þau. Skilyrði er að fullar bætur komi fyrir sannanlegt tjón, tímabundið rask og skerðingu á mögulegri nýtingu fasteignar.“

Þetta ákvæði kveður á um þolskyldu landeiganda, sem þýðir að þegar almannahagsmunir krefjast þess og réttur til fullra bóta er tryggður, þá frestar ágreiningur um bótafjárhæð eða önnur atriði ekki sjálfkrafa framkvæmdum.

Í 34. gr. fjarskiptalaga eru jafnframt mikilvæg ákvæði sem fjalla um heimildir framkvæmdaaðila ef ekki næst í alla landeigendur og sé þá birting í Lögbirtingablaði nægjanleg birting gagnvart þeim.

Í fjarskiptalögum eru jafnframt mikilvæg ákvæði um vernd fjarskiptavirkja og bótaskyldu þeirra sem valda á þeim skemmdum í 86. gr. laganna.

2.2 Nauðsynlegar breytingar

Raforku- og fjarskiptainnviðir eru grundvallarþættir í nútímasamfélagi og ómissandi fyrir almannahagsmuni og öryggi. Þeir eru báðir hluti af grunninnviðum landsins og tafir á uppbyggingu þeirra eða hökt í starfsemi þeirra hafa keðjuverkandi neikvæð áhrif.

Í fyrirbyggjandi áformum stjórnvalda svo sem í frumvarpi til heildarlaga um almannavarnir og áfangaskýrslu dómsmála- og utanríkisráðuneytis um áfallapol á grundvelli viðmiða Atlantshafsbandalagsins frá desember 2025¹ er dregið fram að orkukerfi, vatnsveita, fráveita og stafærnir innviðir séu meðal ómissandi innviða.

Samorka telur eðlilegt að sambærilegar heimildir gildi um aðgang að landi, þolskyldu og vernd fyrir framangreinda innviði.

Tillagan um að lögfesta þolskyldu landeiganda, með vísan til sambærilegra reglna í fjarskiptalögum, brýtur ekki gegn friðhelgi eignarréttar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Slík þolskylda er stjórnskipulega heimil, svo lengi sem skilyrði stjórnarskrár um almenningsspörf og fullar bætur eru uppfyllt.

Með því að afnema bannið í 21. gr. raforkulaga og innleiða þolskyldu, eykst fyrirsjáanleiki í framkvæmdaferlinu. Þetta mun leiða til styttri afgreiðslutíma, minni kostnaðar vegna tafa og aukinnar skilvirkni í uppbyggingu raforkukerfisins. Þetta er í takt við þau markmið sem sett eru fram í áformum stjórnvalda um að styðja við orkuskipti og þjóðhagslega hagsmuni.

¹ [Áfallapol á grundvelli viðmiða Atlantshafsbandalagsins - Áfangaskýrsla](#)

Þótt framkvæmdir verði ekki sjálfkrafa stöðvaðar, er áfram lögð áhersla á að framkvæmdaraðilar vandi til undirbúnings, rannsaki valkosti og gæti að meðalhófi.

Sé þörf á eignarnámi er mikilvægt að eignarnámsferlið verði stytta og einfaldað eins og hægt er. Í því sambandi kann að vera tilefni til að horfa til þess að einfalda og flýta ferli á grundvelli 14. gr. laga um framkvæmda eignarnáms nr. 11/1973. Sú grein kveður á um heimild til að taka umráð verðmætis og ráðast í framkvæmdir þær sem eru tilefni eignarnáms án þess að mati sé lokið og setji þá eignarnemi tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Hér kann að vera tilefni til að leggja sérstaka áherslu á stöðu ómissandi innviða.

Til að tryggja lagagrundvöll og heimildir úrskurðaraðila og dómstóla til að meta þá hagsmuni sem felast í uppbyggingu ómissandi innviða kann að vera skynsamlegt að kveða á um það í markmiðsákvæðum laga um ómissandi innviði, svo sem raforkulögum, lögum um vatnsveitur, fráveitur og hitaveitur, að markmið þeirra laga sé að tryggja uppbyggingu ómissandi innviða, efla áfallapol og viðnámsþrótt.

Samorka bendir einnig á að í raforkulögum verði útfærð heimild til að takast á við þær aðstæður sem upp geta komið þegar eignarhald á landi er í höndum margra ólíkra aðila. Í því sambandi má einnig horfa til ákvæða 34. gr. fjarskiptalaga eða annarra leiða eins og að samþykki tiltekins hluta landeigenda dugi til að heimila framkvæmdir.

Samorka bendir einnig á mikilvægi þess að auka vernd raforkuinnviða til samræmis við fjarskiptavirki. Í því sambandi má horfa sérstaklega til 86. gr. fjarskiptalaga þar sem mælt er fyrir um vernd fjarskiptavirkja og bótaábyrgð þeirra sem valda skemmdum á þeim.

3. Einföldun nái til fleiri ómissandi innviða

Samorka telur að sú einföldun og flýting leyfisveitingaferla sem áformuð er fyrir raforkuinnviði sé afar skynsamleg og ætti að ná til fleiri ómissandi innviða. Vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur eru, líkt og raforku- og fjarskiptainnviðir, grundvallarþættir samfélagsins.

Bæði vatnsveita og fráveita eru ómissandi fyrir heilbrigði, hreinlæti og lífsgæði almennings. Sveitarfélögum er skylt að starfrækja þessa innviði, sem undirstrikar mikilvægi þeirra. Lagning vatns- og fráveitulagna krefst oft afnota af landi og getur falið í sér eignarkvaðir eða eignarnám.

Hitaveita er grundvallaratriði fyrir húshitun og orkuöryggi um allt land. Jarðeigendur eru skyldir til að láta af hendi land og þola eignarkvaðir vegna lagningar hitaveitulagna, sbr. 1. mgr. 34. gr. orkulaga.

Tafir á uppbyggingu eða viðhaldi þessara innviða geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir lýðheilsu, umhverfi og efnahagslíf. Það er því mikilvægt að takmarka ekki þá einföldun sem hér er lögð til við raforkuinnviði eingöngu. Sambærileg þolskylda landeiganda, einfaldari málsmeðferð við umráðatöku, gegn tryggingu fyrir greiðslu fullra bóta og ákvæði um vernd myndi styrkja alla þessa innviði og þjóna betur almannahagsmunum.

Samorka hvetur stjórnvöld til að horfa með heildstæðum hætti á regluverk fyrir alla ómissandi innviði. Með því að samræma heimildir og ferla fyrir raforku-, fjarskipta-, vatns-, hita- og fráveituinnviði, væri hægt að ná enn meiri ávinningi í skilvirkni, fyrirsjáanleika og uppbyggingu. Slík samræming myndi draga úr flækjustigi og tryggja að allir þessir mikilvægu innviðir geti þjónað samfélaginu á sem bestan hátt.

Þá mundi samræmt regluverk jafnframt horfa til einföldunar við afgreiðslu leyfa og fyrir framkvæmdaraðila svo sem verktaka sem geta þá gengið út frá því að sömu reglur gildi um alla innviði sem þeir þurfa að vinna að eða í kringum í tengslum við t.d. byggingaframkvæmdir.

4. Lokaorð

Samorka lýsir yfir fullum stuðningi við áform stjórnvalda um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks. Samorka telur að sú leið að samræma raforkulög heimildum fjarskiptalaga sé vel til þess fallin að skila ávinningi fyrir samfélagið allt.

Samorka hvetur stjórnvöld til að horfa til þess að framangreind einföldun nái til allra ómissandi orku- og veituinnviða.

Samorka lýsir yfir vilja til samstarfs um útfærslu þessara mikilvægu breytinga og nánari vinnu við framkvæmd þeirra. Þá tekur Samorka jafnframt undir og vísar til umsagna aðildarfélaga sinna varðandi þetta mál.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur